

Fundargerð fræðsluráðs Húnaþings vestra.

157. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 3. febrúar , kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir aðalmaður.

Embættismenn: Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Dagskrá:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn kl. 15 og fer yfir starfsemi skólans, nemendafjölda og húsnaðismál skólans næsta skólaár.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15:20 menntun í leikskólakennarafræðum og opnunartími leikskólans um jól og áramót.
3. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn kl. 15:45 og fer yfir niðurstöður eineltiskönnar.
4. Námskeið fyrir skólanefndir.
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn. Það eru 97 nemendaígildi við skólann á vorönn. Í vetur verður engin Nóta, uppskeruhátíð tónlistarskóla vegna verkfalls tónlistarkennara í haust.
Skólastjóri ítrekar þörf þess að tekin verði einhver ákvörðun um framtíðarhúsnaði tónlistarskólans. Fræðsluráð felur formanni fræðsluráðs og sviðsstjóra fjölskyldusviðs að koma á samráðsvettvangi tónlistarskóla, grunnskóla og sveitarstjórnar um framtíðarskipan húsnaðismála tónlistarskólans.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna mæta á fundinn ásamt Sesselju Anítu Ellertsdóttir fulltrúa foreldra.
Fjallað var um opnunartíma leikskólans á aðfangadag og gamlársgag. Fræðsluráð hvetur til nánari umræðu um málið.
Leikskólastjóri kynnti hvatningu Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaga um styrkja og efla nám í leikskólakennarafræðum. Fræðsluráð tekur undir þá hvatningu.
3. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans og Lára Helga Jónsdóttir, fulltrúi kennara mæta á fundinn. Skólastjóri kynnti niðurstöður eineltiskönnunar sem sýnir lítillaga aukningu eineltis milli ára. Sömuleiðis kynnti skólastjóri viðbrögð við niðurstöðunni og fræðsluráð þakkar þau viðbrögð og hvetur skólastjóra til að fylgja þeim vel eftir.
Formaður fræðsluráðs spurði skólastjóra út í endurskoðun á seinni skólaakstri sem ráðgerður var um áramót. Skólastjóri upplýsti að byggðarráð hefði falið honum að ganga frá samningi við

skólabílstjóra um óbreyttan akstur á vorönn. Skólastjóri gerði grein fyrir að skólaakstur til næstu fjögurra ára verði boðinn út seinnipart vetrar.

4. Formaður fræðsluráðs kynnti væntanlegt námskeið fyrir skólanefndir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
5. Fræðsluráð felur sviðsstjóra að kanna hvort mögulegt sé að færa fundi fræðsluráðs á fyrsta miðvikudag mánaðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:10

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

Sigrún Waage

Esther Hermannsdóttir